



Fundargerð menningarmálanefndar 15. nóvember 2016

Menningarmálanefndarfundur 15.11.16

Fundur var haldin í Miklagarði, hófst 17:00 og mætt voru: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Ingólfur Daði Jónsson, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Hreiðar Geirsson, Elísa Joensen og Berghildur Fanney Hauksdóttir menningarmálafulltrúi.

Ingólfur Daði ritaði fundargerð.

1. Mál: Fjárhagsáætlun 2017

Farið yfir kafla m.m.n í fjárhagsáætlun 2017. Rætt ýtarlega. Búið er að skila áætlun til sveitastjórnar og er nú beðið eftir hvað verður samþykkt.

2. Mál: Umsókn verkefnstjóra Vopnaskaks 2017

Tvær formlegar umsóknir búnar að berast m.m.n. Rætt og ákveðið að biða eftir að sveitastjórn klári fjárhagsáætlun áður en tekin er ákvörðun um verkefnstjóra.

3. Mál: Rithöfundalest 2016

Rithöfundalestin 2016 verður á Vopnafirði föstudaginn 25. nóvember kl 20:30 í Kaupvangi. m.m.n. skaffar rithöfundum gistingu og kvöldmat. Rithöfundar eru:

Yrsa Sigurðardóttir, Magnús Sigurðsson, Pétur Gunnarsson, Inga Mekkín Beck og Auður Ava Ólafsdóttir. Með í för verða austfirskir höfundar sem koma á eigin vegum en m.m.n. skaffar kvöldmat. Austfirsku höfundarnir eru: Skúli Júlíusson, Íris Randversdóttir, Hrönn Reynisdóttir, Pétur Behrens og Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir. Ekki er fullljóst með styrki ennþá en gert er ráð fyrir því að uppgjör verður svipað og í fyrra. Sjá fylgiskjal.

4. Mál: Kveikt á Jólatréinu.

Kveikt verður á jólatréinu fyrsta í aðventu, sunnudaginn 27 nóvember ef veður leyfir. Viðburður svipaður og síðustu ár. Karlakórin tekur nokkur lög, jólasveinar syngja, dansa og gefa krökkum góðgæti. Enn á eftir að finna aðila til að halda stutta ræðu.

5. Mál: Design from Nowhere á Vopnafirði

Texti úr emaili frá Körnu: *Designs from Nowhere óskar eftir samstarfi við Vopnafjarðarhrepp um hönnun útiskúlpúrs. Hönnuðir skúlpúrsins eru vöruhönnuðurinn Brynjar Sigurðarson og samverkamaður hans Veronika Sedlmair. Brynjar og Veronika eru væntanleg á Vopnafjörð 3.desember nk. þar sem þau munu endurnýja kynni við Vopnafjörð og sinna hugmyndavinnu fyrir verkefnið. Þau munu heimsækja fyrirtæki og einstaklinga, auk þess að drekka í sig andrúmsloftið á Vopnafirði og allt sem fyrir augu ber - og það mun leggja grunninn að lokaafurðinni; skúlpúrnum.*

Að svo stöddu óskar DFN eftir að Sveitarfélagið Vopnafjörður leggi til húsnæði á staðnum fyrir hönnuðina meðan á rannsóknarferðinni stendur. Ef sveitarfélagið hefur bíl til afnota fyrir þau væri það einnig vel þegið. Brynjar og Veronika koma á Vopnafjörð að kveldi 3.desember og yfirgefa fjörðinn þann 9.desember.

Gistiðstaðan má vera einföld en þau þurfa aðgang að eldhúsi, og þurfa að vera staðsett inni í þorpinu. (Brynjar og Veronika eru par).

Rætt og er m.m.n. mjög spennt fyrir þessu verkefni DFN. Elísa og Kristján munu leyfa þeim að vera í húsinu sínu að Hafnarbyggð 11 þar sem þau verða að heiman. Eyjólfur mun lána þeim bíl á meðan dvöl þeirra stendur.

6. Mál: Styrkumsóknir

Hótel Tangi óskar eftir styrk fyrir tónlistarmennina Elísubet Ormslev og Baldvin Eyjólfsson til að spila á jólahlaðborði hótelsins að kvöldi 9 og 10 desember. Einnig með þeim möguleika að þau kíkji í sundabúð á laugardeginum og taki nokkur lög fyrir heldri borgarana. M.m.n. tekur vel í þetta en óskar eftir nákvæmari styrkumsókn. M.m.f. falið að hafa samband við Hótel Tanga.

7. Mál: Verklagsreglur vegna úthlutunar styrkja Menningarstarfs í Vopnafirði.

M.m.f. búin að fínskrifa eyðublað og verklagsreglur vegna úthlutunar "Umsókn um styrk vegna menningastarfs í Vopnafirði". M.m.n. og m.m.f. hafa unnið að þessu undanfarið. Lesið yfir og samþykkt samhljóða. Skilað áfram til sveitastjórnar til samþykkis. Sjá fylgiskjal.

Engin önnur mál á dagskrá, fundi slitið 18:40